

Fundur foreldrafélags Varmárskóla án skólastjórnenda 14 ágúst 2017 kl. 19:30 – 21:15

Mættir: Árný Elva Ásgrímsdóttir, Elín María Jónsdóttir, Elísabet Jónsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Jón Þór Ragnarsson boðaði forföll.

Viðfangsefni fundar:

1) Farið yfir það sem átti að vera lokið fyrir þennan fund

- Koma síðustu fundargerð á vef skólans – Þórunn – lokið
- Senda fundarboð fyrir fundi vetrarins – Þórunn - lokið

2) Farið yfir verkefni í vinnslu – sjá hér fyrir neðan

Plan (undirbúningur verkefnis, upplýsingagjöf)	Do (Innleiðing eða framkvæmd verkefnis)	Check / Act (Staða tekin og smærri atriði aðlöguð)	Verklok (upplýsingagjöf, frágangur, mögulega fagnað árangri)
Bjóða 1. bekkinga velkomna í skólann (Árný og Solveig) Verklok: 30/8			
	Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa (Þórunn, Sigríður Ingólfs, Björk Einis) Verklok: ótímasett		
	Rýna mögulega þróun á FGMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett		
Senda haustkveðju til starfsmanna (Beta og Sigríður) Verklok: 10. sept			
Virkja bekkjarfulltrúa: 10. ágúst – 1. okt			

2) Farið yfir verkefni í vinnslu:

Bjóða 1. bekkinga velkomna í skólann

- Búið er að fá tilboð í buff, ákveðið að Árný haldi áfram með verkefnið. Áætlað að buffin verði afhent á skólasetningu og Þórunn sendi í kjölfarið tölvupóst til foreldra í 1. bekkjar árgangnum með upplýsingum um foreldrafélagið og stefnu þess.

Búa til að gerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa

- Sigríður og Þórunn upplýstu um mjög góðan fund með Björk í lok síðasta skólaárs og skólanum var hrósað mikið fyrir að setja frétt um niðurstöður samræmdra prófa í 9. og 10. bekk á heimasíðu skólans. Síðan er áætlað að fara yfir niðurstöður 9. bekkjar með þeim í

skólabyrjun og sett var á dagskrá næsta fundar með skólastjórnendum að athuga hvort okkar sé þörf á þeim fundi.

Rýna mögulega þróun á FGMos

- Þórunn upplýsti um mjög góðan aðalfund sem haldinn var í júní þar sem eldri stjórn skilaði af sér öllum gögnum og ný stjórn tók við. Ákveðið var að halda auka aðalfund í september þar sem foreldrafélög Krikaskóla og Lágafellsskóla eiga eftir að halda sína aðalfundi og velja aðila í stjórn FGMos í vetur. Þangað til verður Þórunn talsmaður FGMos og kemur til með að boða aukaaðalfundinn. Eitt af verkefnum eldri stjórnar FGMos var að endurskoða lög félagsins og eru formenn foreldrafélaganna búin að hittast einu sinni nú í ágúst til að þróa þau áfram. Staðfesting fengin á fundinum að nægjanlegt sé að tveir aðilar séu í aðalstjórn FGMos frá hverju foreldrafélagi, mælst sé til þess að formaður sé annar þeirra og einn fenginn til vara.

3) Verkefni sett af stað af tímalínu:

Sendu haustkveðju til starfsmanna skólans

- Beta og Sigríður tóku þetta verkefni að sér og klára á mánudag í næstu viku. Verklok skv. tímalínu á að vera 10. Sept.

Virkja bekkjarfulltrúa

- Miklar umræður um hversu mikilvægir bekkjarfulltrúar eru og að áhersla verði lögð í vetur á að efla bekkjarfulltrúastarfið. Lagt upp með að bekkjarfulltrúar verði í öllum bekkjum skólans á því skólaári sem er að hefjast. Þeirra hlutverk sé að halda a.m.k. eina bekkjarskemmtun fyrir áramót og aðra eftir áramót, setja upp facebook síðu fyrir foreldra bekkjarins og vera til taks svo bæði kennarar og foreldrar geti leitað til þeirra. Skólanum hrósað fyrir hversu gott aðgengi hefur verið hingað til að aðstöðu í skólanum til að halda viðburði. Ákveðið að halda fundi með bekkjarfulltrúum í september og annan í janúar þar sem farið verður yfir hvað hefur gengið vel, hvað hefði mátt ganga betur og lærdómur dreginn af starfi fyrri ára. Þessum fundum bætt á tímalínuna hér fyrir neðan. Sigríður kom með fínar leiðbeiningar fyrir bekkjarfulltrúa sem ákveðið var að nýta sem grunn í leiðbeiningar fyrir Varmárskóla. Ákveðið að Sigríður aðlagi leiðbeiningarnar að okkar skóla og sendir stjórn. Umræður um hvernig hægt sé að kynna bekkjarfulltrúasamstarfið, hvernig væri heppilegast að hafa bekkjarfulltrúa fyrir Brúarland, hvort kennarar komi til með að hafa bekkjarskemmtanir í vetur og hvernig eigi að skipta bekkjarfulltrúum á fundina í sept og jan. Sett á dagskrá á næsta fund með skólastjórnendum.

4) Önnur mál

- Umræður um hvernig við viljum að fundargerðirnar okkar séu, ákveðið að taka upp á næsta fundi stjórnar foreldrafélagsins
- Vangaveltur hvort öll fundarboðin fyrir fundi vetrarins hafi ekki örugglega skilað sér, ákveðið að Þórunn sendir lista yfir þau til stjórnar og skólastjórnenda svo allir séu nú örugglega með alla fundi í skipulaginu hjá sér.
- Vangaveltur um ýmis mál s.s. hvernig aðlögunin verður í Selinu fyrir 1. bekk, um hversu mikil fjölgun verður í skólanum og hvernig skólanum gengur að takast á við hana, hvort þörf sé á fulltrúum úr stjórn foreldrafélagsins á kynningu á niðurstöðum samræmdra prófa 9. bekkjar á síðasta skólaári og af hverju Varmárskóli fer ekki á Reyki og Laugar. Ákveðið að setja á dagskrá fyrir næsta fund með skólastjórnendum.

Fundi slitið kl. 21:15

Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
 - o Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
 - o Kemur með hugmyndir fyrir skólann
 - o Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
 - o Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólastarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn
- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:

- o Þjóða 1. bekkja velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. ágúst
- o Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- o Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. sept
- o Jólabingó 15. okt- 10. des
- o Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- o Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- o Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- o Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- o Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- o Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- o Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- o Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní
- o Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- o Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní